

Mánudagurinn 12. janúar 1998 kl. 15:00

104. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 2/1998

Dreifing Logalands ehf. á bæklingi um Kyolic hvítlauk

I.

Málavextir

Á árinu 1990 gaf heildverslunin Logaland út bækling um Kyolic hvítlauk. Bæklingnum var dreift á sölustöðum sem eru heilsu- og lyfjaverslanir. Verðlagsstofnun gerði á árinu 1992, margítrekað athugasemdir við fjölmargar fullyrðingar í bæklingnum og krafðist sannana. Niðurstaðan varð sú að hinn 19. október 1992, gerði Verðlagsstofnun athugasemdir í tíu liðum við fullyrðingar sem fram komu í bæklingnum og Logalandi hafði ekki tekist að sanna að mati stofnunarinnar. Fullyrðingarnar sem athugasemdir voru gerðar við eru eftirfarandi:

1. *„Eini alveg lyktarlaus hvítlaukurinn.*
2. *20 mánaða kælitæknivinnsla sem á engan sinn líka í veröldinni.*
3. *Öll önnur hvítlauksmeðferð veraldar notar hitameðferð. Hiti eyðileggur hvata og virk efnasambönd í hvítlauk og ónýtir heilsubætandi áhrif hans.*
4. *Þegar hvítlaukurinn er tekinn upp í ágúst er hann þrisvar til fimm sinnum auðugri af allíni en venjulegur hvítlaukur.*
5. *Og við það fæst eini hvítlaukurinn sem með sanni má kalla „hæfan í félagsskap“ („hæfan innan um fólk“).*
6. *Þá getur þú sannreynt að Kyolic er „lang ódýrasti hvítlaukurinn“.*
7. *Ef þú vilt fá hvítlauk úr heilum geirum er ekki um neitt annað en Kyolic að velja.*
8. *Hreinn Kyolic hvítlaukur, Kyolic án íblöndunar bætiefna. Enginn samjöfnuður undir sólinni – gæði, heilnæmi, hollusta.*
9. *Kyolic mest seldi hvítlaukur veraldar.“*

Þá þótti Logaland ekki hafa sannað að það væri vísindalega staðfest að Kyolic hefði meiri virkni en hráhvítlaukur.

Logalandi var gefinn frestur til að koma að athugasemdum en að öðrum kosti yrði litið svo á að farið yrði að þeim tilmælum Verðlagsstofnunar að nota fullyrðingarnar ekki frammar í auglýsingum fyrirtækisins eða aðrar sambærilegar.

Að mati Verðlagsstofnunar var ekkert í bréfi Logalands, dags. 10. nóvember 1992, sem rökstuddi fullyrðingarnar frekar. Í bréfi stofnunarinnar til Logalands, dags. 23. desember 1992, er þeim eindregnu tilmælum beint til fyrirtækisins að það hætti að auglýsa á þann hátt sem tilgreindur er í framangreindu bréfi stofnunarinnar, dags. 19. október 1992, svo ekki þurfi að koma til frekari aðgerða verðlagsyfirvalda.

Hinn 5. desember 1995 var af hálfu Samkeppnisstofnunar ítrekuð tilmælin til Logalands um að hætta dreifingu bæklingins, en honum hafði aftur verið dreift á ýmsa sölustaði. Athugasemdir bárust ekki við þessum tilmælum.

Í nóvember 1997 barst Samkeppnisstofnun ábending um að bæklingurinn væri enn í umferð. Fór starfsmaður stofnunarinnar í Blómaval, sem er einn sölustaðanna, og þar lá bæklingurinn frammi.

II. Málsmeðferð

1.

Hinn 13. nóvember sl. var Logalandi sent bréf þar sem fyrirtækinu var gefið tækifæri til að koma að skýringum á dreifingu bæklingins og hvers vegna ekki hafi verið farið að tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt var bent á að búast mætti við að farið yrði fram á við samkeppnisráð að dreifing bæklingins yrði bönnuð og hann innkallaður sbr. 1. mgr. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Svar Logalands til Samkeppnisstofnunar er dags. 21. nóvember 1997. Þar segir að bæklingurinn hafi í upphafi verið prentaður í 25.000 eintökum og hafi þar af leiðandi verið dreift í miklu magni til viðskiptavina. Vera kunni að einhverjir þeirra eigi enn birgðir af bæklingnum og þeim sé dreift án vitundar fyrirtækisins. Þá segir í bréfinu:

„Ég hef rætt við þá starfsmenn okkar sem vinna við pökkun á pöntunum. Þeir hófu störf hjá Logalandi fyrir rúmu ári og unnu því ekki hér þegar ítrekun

ykkar barst okkur í hendur 5. desember. Þeir vilja ekki útiloka þann möguleika að fáeinir bæklingar hafi slæðst með einstökum pöntunum þar sem þeim hafi ekki verið greint frá því að Samkeppnisstofnun hafi óskað eftir því að látið yrði af dreifingu hans.

Til að koma í veg fyrir að umræddur bæklingur fari út á markaðinn í ykkar óþökk höfum við gripið til þess ráðs að láta eyða þeim bæklingum sem enn eru eftir á lager, eða u.þ.b. 2.000 eintökum. Ennfremur höfum við haft samband við þá viðskiptavini okkar sem gætu haft hann undir höndum og beðið þá um að fjarlægja bæklinginn.“

2.

Á fundi sem Erlingur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Logalands átti með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar, fimmtudaginn 18. desember 1997, kom m.a. fram að þrátt fyrir yfirlýsingar hans í bréfi til stofnunarinnar, dags. 21. nóvember sl., séu bæklingarnir einungis fjarlægðir af sölustöðum Kyolic hvítlauks þegar framkvæmdastjórinn á erindi í fyrirtækin. Hann tekur þá bæklinga sem hann sér í hillum eða stöndum. Ekki er rætt við starfsmenn og ekki er kannað hvort bæklingar séu til á lager fyrirtækjanna.

Skv. upplýsingum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað sér voru bæklingar í umferð á eftirtöldum stöðum 18. desember 1997, en engin formleg könnun hefur farið fram: Apótek Norðurbæjar, Grafarvogsapótek, Mosfellsapótek, Reykjavíkrapótek, Fjarðarkaup og Nesapótek.

3.

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, sem haldinn var 19. desember sl. var samþykkt að leggja til við samkeppnisráð að dreifing bæklingins yrði bönnuð og hann innkallaður. Þetta verði gert þar sem ekki hafi verið farið að ítrekuðum tilmælum stofnunarinnar.

III.

Niðurstöður

Logaland gaf út auglýsingabækling um Kyolic hvítlauk árið 1990. Þrátt fyrir margítrekuð tilmæli Verðlagsstofnunar um að fyrirtækið hætti dreifingu bæklingins og tilmæli Samkeppnisstofnunar sama efnis árið 1995, er bæklingurinn enn í umferð. Svar Logalands, dags. 21. nóvember sl., við

fyrirspurn Samkeppnisstofnunar um hvers vegna bæklingurinn sé enn í umferð, er ófullnægjandi. Þá er ljóst að aðferðin við að farga bæklingnum, sem framkvæmdastjóri Logalands lýsti fyrir starfsmönnum Samkeppnisstofnunar ber lítinn árangur. Það er ljóst að bæklingurinn er til víða og hefur augljóslega verið dreift til söluaðila allt frá því hann var fyrst gefinn út árið 1990.

Að mati samkeppnisráðs má leiða líkum að því að dreifing bæklingins sé jafnframt skaðleg samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Telja verður að upplýsingar sem veittar eru í auglýsingabæklingi séu mikilvægar fyrir viðskipti í sölumennsku. Því má telja að keppinautar hafi orðið af umtalsverðum viðskiptum vegna dreifingar bæklingins. Af þeim sökum beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Logalands að það innkalli bæklinginn hjá öllum söluaðilum Kyolic hvítlauks.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Logaland ehf., Bygggördum 2a, Seltjarnarnesi, hefur með því að dreifa auglýsingabæklingi um Kyolic hvítlauk sem inniheldur rangar, villandi og ófullnægjandi upplýsingar brotið gegn 17., 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. og 51. gr. sömu laga beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Logalands ehf.

- 1. Samkeppnisráð bannar dreifingu umrædds auglýsingabæklingss um Kyolic hvítlauk.**
- 2. Logaland ehf. skal á tímabilinu 15. janúar til 15. febrúar 1998 innkalla alla auglýsingabæklinga um Kyolic hvítlauk.“**